



Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
b.t. Umhverfis- og samgöngunefndar

Sent á umsagnagátt Alþingis

Reykjavík, 10. október 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um tillögu til þingsályktunar um borgarstefnu fyrir árin 2025-2040

Samtök iðnaðarins („SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um borgarstefnu, 85. mál, 157. löggjafarþing. Með tillögunni er ríkisstjórninni falið að vinna að framkvæmd borgarstefnu og innviðaráðherra falið að koma á formlegum samstarfsvettvangi ríkisins og borgarsvæðanna. Málið er endurflutt frá 156. löggjafarþingi og skiluðu samtökin umsögn vegna málsins 2. apríl 2025.¹

Samtökin fagna því að með mótn borgarstefnu er stuðlað að því að efla langtímahugsun og auka samhæfingu í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga m.a. út frá samhæfingu stefna í samgöngumálum, byggðamálum og málefnum sveitarfélaga. Samtökin vilja jafnframt koma eftirfarandi áherslum á framfæri vegna málsins.

1. Atvinnulíf, fjárfestingar og nýsköpun

Fram kemur í tillögunum að í ljósi þess að um 87% íbúa landsins eru búsettir á borgarsvæðunum tveimur hafi fólk fleiri tækifæri til að sérhæfa sig á ólíkum sviðum og þ.a.l. skili fyrirtæki á þessum svæðum meiri framleiðslu en ef þau stæðu ein og sér. Þá kemur fram að þannig aðstæður styðji við þekkingardrifið atvinnulíf og hvetji til nýsköpunar og að innan þessara svæða verði til ný störf og atvinnugreinar sem byggja á rannsóknum, þróun, nýsköpun og hugviti.

Samtök iðnaðarins fagna því að fjallað sé um mikilvægi atvinnulífs, fjárfestinga og nýsköpunar í stefnumótandi samhengi. Þessi þrjú atriði eru hornsteinar verðmætasköpunar í landinu og forsenda sjálfbærrar efnahagsþróunar til framtíðar. Nýsköpun er ekki eingöngu afleiðing tækniframfara heldur hreyfiafl breytinga sem skapar störf, bætir samkeppnishæfni atvinnulífsins og eykur útflutningstekjur. Fjárfesting í rannsóknum og þróun, ásamt öflugum samstarfi atvinnulífs, háskóla og hins opinbera eru lykilatriði.

2. Alþjóðleg samkeppnishæfni

Þekkingardrifið og fjölbreytt atvinnulíf skapar tækifæri og laðar að fólk með ólíkan bakgrunn til sóknar fyrir samkeppnishæft atvinnulíf. Samtökin taka heilshugar undir tillögu borgarstefnu um að mikil tækifæri séu fólgin í því að bæta umhverfi fyrir alþjóðlega samkeppnishæft atvinnulíf innan borgarsvæðanna og laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu í auknum mæli. Að

¹ [Umsögn Samtaka iðnaðarins, 2. apríl 2025.](#)



sama skapi taka samtökin undir það markmið borgarstefnunnar að horfa til fjárfestinga í íslenskum fyrirtækjum og tækniþróun.

Skattahvatar vegna rannsókna og þróunar eru öflugasta tólið í verkfærakistu ríkisins til að stuðla að nýsköpun. Þeir eru einnig fjárfesting ríkisins í framtíðarhagvexti. Kostirnir við skattahvata sem þessa eru að fjárfestingin er á forsendum markaðarins og verkefnin sem einkafjárfestar hafa trú á verða því fyrir valinu. Þannig eru stjórnvöld ekki að velja sigurvegara, heldur að skapa skilyrði og umgjörð og leysa krafta atvinnulífsins úr læðingi. Aðkoma stjórnvalda er mikilvæg forsenda fjárfestingar í íslenskum sprotafyrirtækjum og tækniþróun almennt enda eru það stjórnvöld sem skapa umgjörðina og starfsskilyrðin. Með öflugum hvötum og skýrari lagaumgjörð eru meiri líkur á að hugmyndir verði að veruleika og þróist yfir í verðmæt fyrirtæki sem skapa síðar auknar útflutningstekjur fyrir hagkerfi Íslands og styrkja samkeppnishæfni ríkis og borga.

3. Innviðir og umhverfi

Samtökin hafa lengi bent á að þörf er á frekari aðkomu stjórnvalda, hvað varðar húsnæðismál, samgöngur og landnýtingu, ef gera á höfuðborginni kleift að mæta miklum vexti. Í þingsályktunartillögunni kemur fram að öflugir innviðir séu forsenda fyrir þróun borgarsamfélaga og kröftugu atvinnulífi og undir þetta taka samtökin. Áhersla borgarstefnu sé á skipulag og uppbyggingu innviða sem stuðla að sjálfbærum borgarsamfélögum sem eru eftirsótt til búsetu og atvinnu og skapi umgjörð fyrir efnahagslega drifkrafta og nýsköpun.

Samtökin taka undir mikilvægi stöðugs húsnæðismarkaðar og ítreka að farsæl uppbygging húsnæðis er ein af grundvallarforsendum þess að hér á landi byggist upp samkeppnishæft atvinnulíf og gott samfélag. Til að ná að tryggja stöðugleika á húsnæðismarkaði þarf jafnframt að huga að því að bæta starfsumhverfi fyrirtækja í byggingar- og mannvirkjagerð ásamt því að auka lóðaframboð. Samtökin hvetja stjórnvöld til að skapa gott og skilvirkt starfsumhverfi fyrir greinina og auka framboð af lóðum til að mæta eftirspurn eftir húsnæði. Í þingsályktunartillögunni er vísað í rammasamning ríkis og sveitarfélaga um húsnæðisuppbyggingu sem var undirritaður í júlí 2022. Því tengt benda samtökin á skýrslu starfshóps, sem skipaður var af innviðaráðherra, um einn feril húsnæðisuppbyggingar, útg. í nóvember 2024². Meginmarkmið starfshópsins var að fara betur yfir ferla og verklag sem tengjast uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og greina hvaða þættir séu líklegir til að valda óþarfa töfum. Samtökin hvetja stjórnvöld til að hafa niðurstöður skýrslunnar að leiðarljósi í áframhaldandi aðgerðum fyrir húsnæðismarkaðinn.

Samtökin fagna áherslu á bættar samgöngur innan og utan borgarmarka. Vegasamgöngur eru samfélaginu öllu afar mikilvægar en undanfarin ár hefur ónógt viðhald grafið undan getu kerfisins til að sinna þörfum atvinnulífs og almennings. Innviðaskuldin hefur vaxið sl. ár, bæði hvað varðar nýfjárfestingar og viðhald. Samkvæmt niðurstöðum skýrslu SI og Félags ráðgjafarverkfræðinga um innviði á Íslandi 2025³ er vegakerfið í versta ástandinu af öllum innviðum landsins þegar kemur að viðhaldsskuld. Uppsöfnuð viðhaldsskuld í vegakerfinu er á bilinu 265-290 ma.kr. Samtökin fagna því fyrirætlunum um aukið fjármagn til samgöngumála í

² [Einn ferill - skýrsla nov2024 \(1\).pdf](#)

³ [SI-Innviðaskýrsla-2025-opnur-fin.pdf](#)



tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2026-2030 og að lögð er áhersla á aukið samtal ríkis og borga um uppbyggingu þeirra og þróun.

Þá benda samtökin á að til þess að ná að bæta ástand innviða þarf ekki aðeins aukið viðhald heldur einnig skýra stefnumótun og framsýni varðandi aukna nýfjárfestingu. Mikilvægt er að byggja upp langtímasýn um þróun innviða þar sem lögð er áhersla á sjálfbærni, nýsköpun og orkuskipti.

4. Heilbrigðis- og félagsmál

Fram kemur í kafla 6.4. í tillögunni að Landspítalinn sé grunnstoð heilbrigðiskerfisins og þurfi að geta boðið samkeppnisfæra- og hæfa aðstöðu til að lúta ekki í lægra haldi í samkeppni við sjúkrahús í nágrannalöndunum um hæft starfsfólk. Samtökin taka undir þá staðhæfingu en vilja benda á að þarna liggja jafnframt mörg tækifæri til framtíðar. Traust og skilvirkt heilbrigðiskerfi byggir ekki einungis á mannauði og innviðum, heldur einnig á samvinnu við atvinnulífið. Með því að virkja innlent hugvit á sviði heilbrigðislausna má efla heilbrigðiskerfið, styðja við atvinnulíf og auka samkeppnishæfni Íslands í alþjóðlegu samhengi. Skapa ætti sterkan samstarfsvettvang heilbrigðiskerfisins og fyrirtækja sem sérhæfa sig í heilbrigðistækni. Slíkt samstarf getur leitt til hraðari innleiðingar nýrra lausna, bættra ferla og hagkvæmni í rekstri en einnig skapað íslensku atvinnulífi sóknartækifæri á alþjóðlegum mörkuðum.

Íslensk heilbrigðistækni hefur byggst upp á sterkum grunni rannsókna, þekkingar og frumkvöðlastarfs. Mikilvægt er að stjórnvöld, með Landspítala í fararbroddi, styðji við það öfluga starf með því að nýta lausnir sem þegar hafa verið þróaðar og skapa rými fyrir áframhaldandi þróun.

5. Menntun og menning

Samtökin taka heilshugar undir þörfina á samstarfi menntakerfisins og atvinnulífsins til að tryggja að menntun þróist í takt við samfélagið og þarfir vinnumarkaðarins sem og að liðka fyrir ráðningu erlendra sérfræðinga. Efla þarf framboðshlið hagkerfisins með því að auka fjölda iðn- og STEAM menntaðs vinnuafls (vísindi, tækni, verkfræði, listir og stærðfræði). Stjórnendur í tækni- og hugverkaiðnaði innan samtakanna áætla að fjölga þurfi starfsfólki um 77% á næstu fimm árum samkvæmt könnun sem samtökin létu gera í febrúar árið 2024.⁴ Það jafnast á við að um 9.000 ný störf þurfi að verða til á því tímabili. Til að mæta þessari eftirspurn er mikilvægt að greiða götur fyrir komu alþjóðlegra sérfræðinga. Í nýrri könnun sem Outcome framkvæmdi fyrir Samtök iðnaðarins í febrúar og mars kemur auk þess fram að 37% stjórnenda iðnfyrirtækja telja skort á starfsfólki í sínum fyrirtækjum.⁵

Háskólar og rannsóknarstofnanir gegna lykilhlutverki í að tengja saman þekkingu, nýsköpun og atvinnulíf. Nauðsynlegt er að styrkja samstarfsfarveg milli fræðasamfélags og atvinnulífs, meðal annars með frumkvöðlaaðstöðu og með því að hagnýta rannsóknir í atvinnurekstri. Innleiðing menntatæknilausna, svo sem stafrænna námsefna og sjálfvirks mats, getur stuðlað að aukinni inngildingu, bætt námsárangur og skapað nýjar leiðir í kennslu og þekkingarsköpun.

⁴ https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Greining-SI_Vaenta-77-fjolgunar-starfsfolks-i-taekni-og-hugverkaidnadi-a-naestu-fimm-arum-02-02-2024.pdf

⁵ [Greining SI: Aukin bjartsýni meðal stjórnenda í iðnaði](#)



Slíkar lausnir bæta einnig vinnuumhverfi kennara og styðja við markvissari og hagkvæmari rekstur menntastofnana.

6. Raforkuöryggi - lykilforsenda sjálfbærrar borgaruppbyggingar og atvinnulífs

Raforkuöryggi er ein af grunnstoðum samfélagsins og grunnstoð sjálfbærrar borgarþróunar og atvinnulífs. Án traustrar raforkuafhendingar og nægrar framleiðslugetu verður ekki unnt að styðja við vöxt íbúafjölda, fjölgun fyrirtækja eða orkuskipti. Borgarvæðing og þéttbýlismyndun þurfa á öruggri og nægjanlegri raforku að halda til að geta þróast með sjálfbærum hætti.

Í 6. kafla þingsályktunartillögunnar er vikið að mikilvægi raforkuöryggis en borgarstefnan, sem gerir ráð fyrir uppbyggingu svæðisborgarhlutverks Akureyrar og frekari þéttingu byggðar á höfuðborgarsvæðinu, krefst þess að raforkuöryggi sé tryggt. Í því samhengi vilja samtökin benda á að raforkuframboð hefur ekki haldið í við vöxt og viðgang samfélagsins sl. 20 ár og hafa fjölmörg tækifæri til atvinnuuppbyggingar glatast síðastliðin ár vegna skorts á raforku. Í raforkuspá Landsnets 2024-2050 kemur auk þess fram að ekki séu nægilega margir virkjanakostir í nýtingarflokki til að mæta orkuskiptum.

Samtökin hafa áður bent á í umsögnum sínum um raforkuöryggi að skortur á raforku og ótrygg afhending geti valdið töfum á atvinnuuppbyggingu, aukinni áhættu fyrir orkuskipti og haft bein neikvæð áhrif á byggingariðnað og aðra stoðir hagkerfisins. Slíkt vinnur gegn markmiðum um kolefnishlutleysi og sjálfbæra þróun. Samhent átak þarf í uppbyggingu orkuframleiðslu og flutningskerfa til að mæta eftirspurn og tryggja að tækifæri til vaxtar glatist ekki vegna skorts á aðgengi að orku. Þá vilja samtökin benda á að tryggt raforkuöryggi er forsenda þess að Ísland geti boðið alþjóðlegum fyrirtækjum samkeppnishæft rekstrarumhverfi. Vaxandi áhersla er lögð á uppruna, afhendingaröryggi og kolefnisspor raforku í alþjóðlegum ákvörðunum um fjárfestingar. Án raforkuöryggis verður erfitt að laða að tæknifyrirtæki, gagnaver og líftæknifyrirtæki, svo dæmi séu tekin.

Á sama tíma og samtökin hvetja stjórnvöld áfram í virkri stefnumótun framtíðarinnar á borgarsvæðum landsins kalla samtökin eftir skýrari og nánari útfærslum á hvernig markmiðum borgarstefnunnar verði náð. Þá ítreka þau mikilvægi þess að virkt samtal eigi sér stað við atvinnulífið við nánari útfærslur stefnunnar.

f.h. Samtaka iðnaðarins,


Jóhanna Klara Stefánsdóttir,
Sviðsstjóri mannvirkjasvið